

Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum, Rangárþingi ytra Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 16. desember 2022 lagði Rangárþing ytra fram umhverfismatsskýrslu um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdin og umhverfismatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 17. mars 2023 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og Morgunblaðinu sem og á vefsíðu Fréttavefs Suðurlands 17. – 24. mars 2023. Umhverfismatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 17. mars til 4. maí 2023 á skrifstofu Rangárþings ytra og hjá Skipulagsstofnun. Umhverfismatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

1.2 Gögn

Framlögð gögn framkvæmdaraðila

Umhverfismatsskýrsla: Þjónustumiðstöð í Landmannalaugum. Umhverfismatsskýrsla Landmótun og Rangárþing ytra. Mars 2023.

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu 10. mars 2023.

Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 26. maí 2023.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Rangárþingi ytra þann 9. maí 2023.
- Fiskistofu þann 17. mars 2023
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands þann 4. maí 2023.
- Minjastofnun Íslands þann 3. maí 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands þann 4. maí 2023.
- Umhverfisstofnun þann 4. apríl 2023.
- Veðurstofu Íslands þann 8. maí 2023.
- Vegagerðinni þann 10. maí 2023.



2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 4.2 og 4.3 í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppbyggingu nýrra mannvirkja á um 5.000 m² svæði við Námshraun og Námskvísl. Reiknað er með að svæðið verði byggt upp í tveimur áföngum, þ.e. í 1. áfanga verða framkvæmdir við Námskvísl og í 2. áfanga framkvæmdir við Námshraun. Meginuppbyggingin verður á Námshraunssvæðinu m.a. verður reist um 340 m² stórt móttökuhús á einni hæð ásamt útivistarpalli fyrir ferðamenn með veitingasal fyrir allt að 50 manns. Auk þess verður í húsinu eldhús, snyrtingar, upplýsingaþjónusta, verslun, fræðslu- og kynningasalur, aðstaða, m.a. fyrir landverði, auk kaffistofu/hvíldarrými. Þá verða byggðir 6 alls um 500 m² gestaskálar á Námshraunssvæðinu sem verða ein hæð með svefnaðstöðu fyrir 16-20 manns í hverjum skála, ásamt snyrtingu, eldunaraðstöðu og setustofu. Hámarks gistiþláss í Landmannalaugum hverju sinni verður fyrir 120 manns þegar svæðið er fullbyggt. Ennfremur verða reistir 4 starfsmannaskálar af sömu stærð og gestaskálarnir og er reiknað með svefnaðstöðu fyrir samtals 28 starfsmenn. Þar að auki verður byggt um 200 m² stórt þjónustuhús með baðaðstöðu við manngerða laug. Gert er ráð fyrir tjaldsvæði fyrir a.m.k. 150 tjöld og 50 húsbíla við Námshraun á um 1,6 ha svæði. Þá er gert ráð fyrir bílastæðum á tæplega 14.000 m² svæði, fyrir alls um 130 bíla og 20 rútur við Námshraun og 60 bíla og 10 rútur við Námskvísl auk þess sem vegamótum Landmannalaugavegar (F224) og Fjallabaksleiðar nyrðri (208) verður breytt lítillega á 100 m kafla en núverandi vegstæði Landmannalaugavegar verður óbreytt og er ekki gert ráð fyrir endurbótum á þeim vegi nema eðlilegu viðhaldi en lagður verður göngustígur meðfram honum. Gert er ráð fyrir um 2.500 m af nýjum gönguleiðum innan framkvæmdasvæðisins en heildarvegalengd gönguleiða samkvæmt deiliskipulagi Landmannalauga eru 7.200 m. Lengsta nýja gönguleiðin er ofangreindur stígur meðfram Landmannalaugavegi frá Námshrauni að Námskvísl.

Byggðar verða alls um 1.800 m langar, misháar rofvarnir meðfram Námskvísl annars vegar og Jökulkvísl hins vegar og er reiknað með að heildar efnismagn í rofvarnir verði um 9.500 m³, þar af um helmingur stórgrýti. Gert er ráð fyrir að stórgrýti í rofvörn verði sótt í núverandi námur í nágrenninu utan friðlands en fyllingarefni verði úr aurum Jökulgilskvíslar. Reiknað er með að heildar efnismagn vegna allra framkvæmda verði um 20.000 m³, þar af um helmingur stórgrýti. Samfara uppbyggingu nýs tjaldsvæðis og gistiaðstöðu norðan við Námshraun verða gerðar breytingar á aðstöðu við skála Ferðafélags Íslands við Laugahraun sem er um 242 m² að stærð og tekur 78 gesti. Til skoðunar eru 3 valkostir á lagningu jarðstrengs fyrir rafmagn að Landmannalaugasvæðinu sem er um 20 til 30 km leið. Svartvatn frá salernum fer í rotþrær sem eru tæmdar reglulega og öllu efni ekið af svæðinu. Gert er ráð fyrir þremur rotþróum þ.e. núverandi rotþró við Skála Fí, rotþró við Námskvísl og rotþró norðan við Námshraun. Grávatn frá vöskum, sturtum og eldhúsi verður meðhöndlað á náttúrulegan hátt t.d. með því að nota grófan grjótsvelg eða hreinsiskurð. Setja á niður „sandfang“ til að hreinsa frá gróft rusl og fitu og verður gerð krafa um fituskilju í fráveitu frá eldhúsi veitingasölu sem og frá vöskum í eldunaraðstöðu.

Áfangaskipting

Áfangi 1: Aðstaða við Námskvísl: Bílastæði fyrir rútur og bíla. Uppbygging rofvarna við Námskvísl og Jökulgilskvísl. Þjónustuhús við Námskvísl með dagaðstöðu fyrir landverði. Göngustígur meðfram akvegi milli Námshrauns og Námskvíslar. Göngustígur að Laugarsvæði og ný aðstaða við laug.

Áfangi 2: Aðstaða norðan Námshrauns. Uppbygging varnargarðs og göngustígur mótaður samtímis. Tjaldsvæði, bílastæði og rútustæði. Móttökuhús, starfsmannaskálar og gestaskálar. Manngerð laug og baðaðstaða. Á núverandi svæði Ferðafélags Íslands verður snyrtihús rífið og byggð snyrtiaðstaða við skálann.



2.2 Valkostir

Í umhverfismatskýrslu kemur fram að við móttöku sameiginlegrar stefnu Rangárbings ytra, Rangárbings eystra og Skaftárhrepps um skipulagsmál ferðaþjónustu og samgöngur á Fjallabakssvæðinu hafi verið ákveðið að flytja alla meginþjónustu í Landmannalaugum nær vegamótum við Fjallabaksleið nyrðri. Í þeirri vinnu voru bornir saman þrjú valkostir um ferðaþjónustu í Landmannalaugum auk núllkosts. Í samanburði valkostanna er um að ræða almennan samanburð. Að baki valkostanna er ekki verið að horfa til frekari hönnunar mannvirkja eða úrlausna heldur er verið að skoða færslu á þjónustusvæði og á umfangi þjónustunnar enda liggja ekki fyrir neinar haldbærar hugmyndir um framkvæmdir þegar kemur að valkostum A og C á meðan að baki valkosts B liggja fyrir hugmyndir þær sem settar eru fram í þessari umhverfismatskýrslu.

Fram kemur að skv. valkosti A sé gert ráð fyrir að byggð verði upp aðstaða á núverandi svæði við Laugahraun sem geti a.m.k. sinnt núverandi fjölda ferðamanna en jafnframt væri gert ráð fyrir að ferðamönnum gæti fjölgað enn frekar. Þungamiðja þjónustunnar mun þá færast á syðri hluta svæðisins. Hugsanlega yrði stór hluti aðstöðunnar sunnan núverandi varnargarðs, sem þá yrði færður sunnar. Umferð inn á svæðið verður endurskoðuð samhliða endurskipulagningu svæðisins og gert ráð fyrir aukinni fræðslu og upplýsingagjöf um Landmannalaugasvæðið og aukinni ferðatengdri þjónustu fyrir daggesti. Skv. valkosti C væri gert ráð fyrir að dregið yrði verulega úr núverandi þjónustu á núverandi þjónustusvæði við Laugahraun og að meginhluti þjónustunnar væri fluttur, annaðhvort á önnur þjónustusvæði innan rammaskipulagssvæðis eða til byggða. Þó yrði gert ráð fyrir þjónustu við daggesti s.s. upplýsingamiðlun, snyrtingum og jafnvel einhverri veitingaþjónustu og mjög takmarkaðri tjaldgistingu fyrir göngufólk.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan Friðlands að Fjallabaki þar sem megin einkenni svæðisins eru fjölbreytt landslag og landslagsheildir, mikill breytileiki jarðminja og jarðhitafyrirbæra, sérstakt og viðkvæmt lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda þessar sérstæðu jarðminjar, landslag, lífríki og ósnortin víðerni svæðisins. Þá er bent á að Friðland að Fjallabaki (Torfajökull) er auk þess á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO.

Tekið undir það sjónarmið að bæta þurfi aðstöðu við Landmannalaugar, en það er ekki sama hvernig það er gert innan friðlandsins. Stofnunin telur að valkostur A með uppbyggingu innan núverandi þjónustusvæðis sé vænlegasti kosturinn og muni lágmarka frekara rask á náttúruminjum og landslagi innan friðlandsins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að allir þrjú valkostir eru til bóta en væntanlega munu fjárveitingar ráða verk tíma, áfangaskiptingu og endanlegum útfærslum.

Niðurstaða

Í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlun frá því í febrúar 2022 var bent á hátt verndargildi Landmannalauga innan friðlands auk þess að sem svæðið væri á tillögulista um svæði á heimsminjaskrá UNESCO. Ennfremur var bent á að niðurstöður úr fyrirbyggjandi ferðamannakönnunum gæfu til kynna að megináhersla ferðamanna væri á það að geta upplifað óraskaða náttúru í Landmannalaugum og að geta gengið um svæðið án þess að sjá mannvirki. Því taldi stofnunin afar mikilvægt að settir yrðu fram og metnir ólíkir valkostir varðandi uppbyggingu í Landmannalaugum í umhverfismatskýrslu og að samanburður valkosta myndi vera sambærilegur, þ.e. að lagt yrði mat á áhrif framkvæmda á sömu umhverfisþætti í öllum tilfellum og þá einkum á útivist og ferðaþjónustu, landslag og ásýnd en einnig gróður, jarðmyndanir og vatnafar. Ljóst er að í öllum tilfellum í umhverfismatskýrslu er um að ræða mjög almennan samanburð á áhrifum ofangreindra valkosta á umhverfisþætti m.a. þar sem aðrir staðsetningar- og uppbyggingarvalkostir



eru mjög lítið formaðir. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að ekki séu forsendur til að leggja mat á áhrif valkosta A og C hér að ofan á þá umhverfisþætti sem eru til umfjöllunar hér aftar í álitinu.

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð og óverulega neikvæð, engin áhrif, óverulega jákvæð, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 41-42 í umhverfismatsskýrslunni.

Skipulagsstofnun styðst eins og framkvæmdaraðili við vægiseinkunnir úr leiðbeiningum stofnunarinnar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa¹ en notar einnig einkunnina nokkuð neikvæð áhrif og er þá átt við staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið kann að njóta verndar eða vera á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum og áhrifin geta verið að hluta varanleg og óafturkræf.

Við umfjöllun um hvern umhverfisþátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati framkvæmdaraðila á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum og þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og umsögnum sem bást á kynningartíma umhverfismatsskýrslu auk annarra gagna.

3.1 Útivist og ferðamennska

3.1.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu eru birtar niðurstöður mats á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á útivist og ferðabjónustu. Fram kemur að mælingar sýni að 76% gesta dvelji skemur en 4 klst. og aðeins 2 % gesta dvelji lengur en 8 klst. Langstærstur hluti gesta hefur því aðeins skamma viðdvöl og aðeins stuttar vegalendir á takmörkuðu svæði. Gerðar hafa verið langtímarannsóknir á félagslegum þolmörkum ferðamanna í Landmannalaugum, árin 2002, 2009 og 2019. Í þeim rannsóknum var þó ekki spurð fyrir um viðhorf ferðamanna til fyrirhugaðrar uppbyggingar heldur stuðst við upplýsingar úr fyrrgreindri þolmarkarannsókn þar sem spurt var m.a. um viðhorf ferðamanna til mögulegrar uppbyggingar innviða í Landmannalaugum almennt.

Niðurstöður rannsóknar um viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum sýna að fara þarf varlega í aukna uppbyggingu innan svæðisins og aukin uppbygging geti haft neikvæð áhrif á ferðamennsku á svæðinu. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar vilja ferðamenn ekki sjá mikla uppbyggingu á svæðinu til viðbótar þar sem hún gæti haft aukningu á ferðamönnum í för með sér, viðernisupplifun myndi skerðast og uppbygging færi fram á svæði sem væri í dag ósnortið og ýta þannig undir neikvæð áhrif á upplifun og ánægju ferðamanna. Á móti kemur er verið að minnka umfang bygginga umtalsvert á sjálfu Laugasvæðinu og þar með styrkja náttúruupplifun þeirra sem þar dvelja og tilfinningin fyrir ósnortnum víðernum hálendisins á svæðinu við Laugahraunið að sumu leyti endurheimt. Áhrif á ferðabjónustu og útivist eru því talin vera nokkuð neikvæð.

Skv. rannsóknunum er meirihluti gesta ánægður með dvölinu í Landmannalaugum vegna jákvæðrar náttúruupplifunar. Hins vegar kom fram í rannsóknunum vísbendingar um að ánægja ferðamanna í Landmannalaugum sé að dvína vegna ófullnægjandi aðstöðu og fjölda ferðamanna á svæðinu. Skiptar skoðanir voru meðal ferðamanna á þeirri þjónustu sem í boði væri í Landmannalaugum en ferðamenn vildu almennt hafa sem fæst mannvirki á svæðinu. Skv. þessu dregur framkvæmdaraðili þá ályktun að tilflutningur á þjónustusvæðinu að Námshrauni myndi hafa nokkuð neikvæð áhrif í

¹ Skipulagsstofnun (2005). Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.



för með sér þar sem mannvirkjum innan Torfajökulssvæðisins myndi fjölga og þannig mögulega hafa neikvæð áhrif á víðernisupplifun ferðamanna og á ferðamennsku á friðlandið í heild sinni. Uppbyggingin er þó ekki varanleg þar sem byggingarnar við Námshraun verða allar reistar á stöplum og þannig hægt að fjarlægja þær á auðveldan hátt.

Samkvæmt valkosti A felast úrbætur í að endurskipuleggja núverandi starfsemi við Laugahraun og bæta þannig ásýnd svæðisins t.d. með göngubrú og stígum til að koma í veg fyrir traðk. Áfram mun verða mikill fjöldi ferðafólks inni í Laugum og væntanlega meiri en nú er, þar sem bætt aðstaða og þjónusta getur tekið á móti fleiri ferðamönnum. Uppbygging skv. kosti A mun væntanlega auka umferð og álag á Laugasvæðið þar sem öll umferð þarf að fara í gegnum svæðið og í raun verið að stækka svæðið, flytja það nær Jökulgili og Bláhnjúki.

Valkostur C lýsir þeim möguleika að flytja meginstarfsemi burt frá Landmannalaugum og nágrenni. Þá myndu ferðamenn dveljast á daginn inni í Laugum og þar með fækkar þeim sem þar verða fleiri daga. Gert er ráð fyrir aukinni þjónustu við daggesti og e.t.v. verður heimiluð takmörkuð gisting. Þá verður gert ráð fyrir fræðslustofu og þar yrði væntanlega einnig veitingasala. Einnig er hægt að gera ráð fyrir að almenn umferð verði ekki heimiluð inn á Laugasvæðið og því mun þessi leið væntanlega draga talsvert úr álagi á svæðið.

Kostur B og C gera báðir ráð fyrir að hægt sé að draga verulega úr umferð um sjálft Laugahraunssvæðið og þjónusta miðist við að sinna daggestum. Þar með má ætla að dragi talsvert úr umferð í hjarta svæðisins.

3.1.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að jákvætt sé að ráðist verði í löngu tímabærar endurbætur á Landmannalaugasvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar kemur óbreytt ástand í Landmannalaugum ekki til greina. Væntanlega munu fjárveitingar ráða verktíma, áfangaskiptingu og endanlegum útfærslum en allar tillögurnar eru til bóta. Umfjöllun í matsskýrslunni er ítarleg og góð. En gjarnan hefði mátt setja fram skýrari hugmyndir um stýringu á fjölda ferðamanna til að draga úr álagi á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að úrbætur á innviðum í Landmannalaugum muni einungis hafa jákvæð áhrif í för með sér.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að í umhverfismatsskýrslunni er mikið fjallað um að létta álagi og endurheimta svæðið við Laugahraun. Stofnunin telur ekki skynsamlegt að raska nýjum svæðum innan friðlandsins til að endurheimta svæði sem nú þegar hefur verið raskað. Þá eru ný þjónustusvæði ekki trygging fyrir því að álag á öðrum svæðum komi til með að minnka.

3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Eins og fram hefur komið fyrr í þessu áliti er um að ræða framkvæmdir sem eru innan Friðlands að Fjallabaki en svæðið einkennist af fjölbreyttu landslagi og miklum breytileika jarðminja og jarðhitafyrirbæra sem og sérstöku og viðkvæmu lífríki, víðerni, kyrrð og litadýrð. Jafnframt er Friðland að Fjallabaki (Torfajökull) á yfirlitsskrá heimsminja UNESCO. Fyrir liggur að Landmannalaugar er einn vinsælasti ferðamannastaður á Miðhálandinu og að álag er þegar orðið mikið á svæðið, skv. framlögðum gögnum. Þá gefa rannsóknir til kynna að flestir sem koma í Landmannalaugar stoppi stutt við en innan við 20% þeirra ganga um svæðið lengur en 4 klst. og 76% gesta stoppa styttra við inn í Landmannalaugum en 4 klst. Ljóst er að bæta þarf aðstöðu fyrir ferðamenn og jafnframt að stýra fjölda ferðamanna þannig að ágangur verði ekki of mikill en í fyrirbyggjandi rannsóknum kemur fram að ánægja ferðamanna í Landmannalaugum sé að dvína vegna ófullnægjandi aðstöðu og fjölda ferðamanna á svæðinu. Skv. rannsóknunum sækja ferðamenn til Landmannalauga vegna stórbrotins landslags og víðernisupplifunar og mikilvægt er að fara varlega í aukna uppbyggingu innan svæðisins. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 á uppbygging ferðamanna aðstöðu að stuðla að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en



jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Skv. landskipulagsstefnu eru Landmannalaugar skilgreindar sem skálasvæði og á þeim svæðum á gisting að vera í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldsvæða og þjónustustarfsemi á skálasvæðum felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits. Þannig eru áform Rangárbings ytra um uppbyggingu þjónustustarfsemi við Námshraun í samræmi við þessi ákvæði um góða aðstöðu.

Mat framkvæmdaraðila á áhrifum uppbyggingar á útivist og ferðamenn byggir á skýrslu Önnu Dóru Sæþórsdóttur o.fl. um viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum, samanburður árána 2000, 2009 og 2019². Auk þess er tekið mið af rannsókn á þolmörkum friðlandsins að Fjallabaki frá árinu 2012. Ekki liggur fyrir að því er virðist nýrri þolmarkagreining eða greining á afstöðu ferðamanna til fyrirhugaðrar uppbyggingar, eingöngu er byggt á niðurstöðu um afstöðu ferðamanna til uppbyggingar almennt á Landmannalaugasvæðinu sem fram kom í fyrrnefndri skýrslu en þar kemur fram að ferðamenn vilji ekki sjá mikla uppbyggingu á svæðinu til viðbótar. Skipulagsstofnun telur það ákveðinn annmarka á matinu að ekki hafi verið kannað viðhorf og fengin afstaða ferðamanna til umfangs uppbyggingarinnar við Námshraun eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslu. Því er óvissa um möguleg áhrif uppbyggingarinnar á ferðamenn að mati Skipulagsstofnunar m.a. á upplifun þeirra af svæðinu.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að með fyrirhugaðri uppbyggingu sé ekki verið að stefna að fjölgun ferðamanna miðað við núverandi aðstæður heldur er verið að bæta aðstöðu þeirra. Skipulagsstofnun getur tekið undir það með framkvæmdaraðila sem og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að bæta aðstöðuna og almennt megi gera ráð fyrir að fyrirhuguð uppbygging bættrar aðstöðu komi til með að hafa jákvæð áhrif á ferðamenn. Stofnunin telur hins vegar óljóst hvornig komið verði í veg fyrir fjölgun ferðamanna, þar sem ljóst er að bætt aðstaða kallar gjarnan á aukinn fjölda sem og breytta samsetningu þeirra. Skipulagsstofnun hefur efasemdir um að takmarkanir á fjölda bílastæða dugi til að stýra aðsókn að Landmannalaugasvæðinu. Því er hætta á að fyrirhuguð uppbygging geti aukið við fjölda ferðamanna sem sækja Landmannalaugasvæðið heim, bæði daggesta sem eru í miklum meirihluta skv. framlögðum gögnum, og þá sem koma til með að gista. Ekki er þó gert ráð fyrir að gistirými í skálum aukist nema um 40 rými og verði aldrei fleiri en 120 að hámarki en aðstaða til að tjalda verður bætt og stækkuð. Þannig getur uppbyggingin haft þau áhrif að álag verður meira á Landmannalaugasvæðið í heild sinni vegna aukins ágangs þó að svæðið við Laugahraun kunni að njóta góðs af fyrirhugaðri uppbyggingu við Námshraun og Námskvísl en á Laugarhraunssvæðinu er gert ráð fyrir lágmarkaðstöðu, m.a. verður skáli Ferðafélags Íslands enn í rekstri um sinn.

Skipulagsstofnun telur ljóst að um er að ræða umfangsmikla uppbyggingu fyrir ferðamenn þegar henni verður að fullu lokið. Í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun ákveðna óvissu vera um áhrif uppbyggingarinnar á útivist og ferðamennsku en hún kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á Landmannalaugasvæðinu. Uppbyggingin kann að valda því að þolmörk ferðamennsku einkum með tilliti til náttúruferðamennsku verði yfirstigin. Stofnunin telur að ástæða sé til að fara hægt í fyrirhugaða uppbyggingu einkum á Námshraunssvæðinu og telur tilefni til að framkvæmdaraðili láti fara fram viðhorfskönnun meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til uppbyggingarinnar og að umfang og uppbyggingarhraði taki mið af niðurstöðum slíkrar könnunar.

² Anna Dóra Sigþórsdóttir, Þorkell Stefánsson og Margrét Wendt, 2020. Viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum, samanburður árána 2000, 2009 og 2019.



3.2 Ásýnd og landslag

3.2.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Landmannalaugar flokkist undir svæði sem skilgreind séu sem litrík háhitasvæði skv. skýrslu sem gefin var út á vegum Skipulagsstofnunar um flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu. Þessi landslagsgerð einkennist af miklum jarðhita, litríkum hæðum og hverum með gufustrókum og mikilli fjölbreytni í litum.

Fyrirhuguð uppbygging við Námshraun er á öröskuðu svæði og mun hafa talsvert neikvæð áhrif á umhverfið þar sem nýjar byggingar munu rísa á svæði þar sem engar byggingar voru áður. Framkvæmdir eru þó afturkræfar þar sem mannvirkin verða reist á súlum og því auðvelt að fjarlægja þær og ef vegur yrði fjarlægður myndu áreyrnar jafna sig talsvert fljótt á ný. Nýtt svæði sést frá Fjallabaksleið nyrðri en ný mannvirki á svæðinu munu verða minna sýnileg frá helstu gönguleiðum við Landmannalaugar en núverandi byggingar sem eru við skála Ferðafélags Íslands. Nálægð fyrirhugaðra framkvæmda við Fjallabaksleið hefur það í för með sér að víðernisupplifun ferðamanna hvað landslag varðar mun skerðast minna en ella og í staðinn verður dregið úr umfangi og þ.a.l. sýnileika mannvirkja við Laugahraun. Hönnun bygginga verður á þá leið að lita- og efnisval hjálpar til við að láta þau falla sem best inn í umhverfið.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að tvö ný þjónustusvæði við Námskvísl og Námshraun muni sannarlega hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins. Bílastæði séu stór og fyrirferðarmikil, nýir umfangsmiklir varnargarðar og byggingar verði staðsettar við jaðar Námshrauns. Manngerð ummerki innan svæðisins verði mun meiri og á stærra svæði en nú sé á leið inn í Landmannalaugar og þau muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi landslags og jarðminja.

3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Eins og komið var inn á í kafla 3.1.3 í þessu álitum er hér um að ræða framkvæmdir á svæði innan friðlands sem einkennist af fjölbreyttu landslagi og sem hefur hátt? verndargildi. Ljóst er einnig að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og landslag eru nátengd áhrifum framkvæmdanna á ferðamennsku og útivist. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á verndarsvæði varða bæði þá mannvirkjagerð sem er fyrirhuguð og einnig þau áhrif sem aukin ásókn ferðamanna inn á Landmannalaugasvæðið, tengt auknu þjónustuframboði getur haft á náttúru svæðisins. Þannig er annars vegar um að ræða áhrif mannvirkja á landslag og náttúrufar og hins vegar áhrif umferðar fólks á viðkvæma náttúru og óbyggðaupplifun. Fyrirhuguð uppbygging mun raska tæplega 10 ha svæði sem er við núverandi aðstæður að mestu óraskað, fyrir utan veg þann sem liggur frá Fjallabaksleið nyrðri inn að Námskvísl, en ekki eru fyrirhugaðar framkvæmdir við veginn. Þó að niðurstöður sýnileikaathugunar gefi til kynna að sýnileiki fyrirhugaðra mannvirkja frá völdum sjónarhornum, þar sem vænta má gangandi vegfarenda, sé ekki mikill, er hér um nálgun að ræða við raunveruleikann og óvíst að hvað miklu leyti líkanmyndir gefa rétta mynd af raunverulegum sýnileika. Skipulagsstofnun telur að við svo umfangsmikla uppbyggingu á nýju, að mestu óröskuðu svæði innan friðlands sem einkennist að sérstæðu landslagi, séu óhjákvæmilega líkur á að hún geti haft talsvert neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og þar með á óbyggða- og víðernisupplifun ferðamanna, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að umsvif og þjónusta við ferðamenn verði í lágmarki við núverandi þjónustusvæði við Laugahraun. Fyrir liggur að rannsóknir sýna að víðerni eru ekki einungis bundin við skilgreiningu laga um náttúruvernd heldur eru einnig huglæg þ.e. með hliðsjón af því hvort að ferðamenn upplifi svæði sem slík. Rannsóknir Önnu Dóru Sæþórsdóttur o.fl.³ sýna

³ Polmörk ferðamanna í Landmannalaugum: þróun á 20 ára tímabili. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2019.



að rúmlega 90% ferðamanna í Landmannalaugum upplifa að víðerni séu hluti af aðdráttarafli svæðisins þrátt fyrir þann fjölda ferðamanna sem heimsækir svæðið og þau mannvirki sem eru fyrir í Landmannalaugum. Ekki er hins vegar ljóst hvort og þá á hvaða hátt fyrirhuguð uppbygging kann að breyta þessari upplifun þar sem afstaða ferðamanna til hennar liggur ekki fyrir.

3.3 Gróður, vistgerðir og fuglalíf

3.3.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að gróðurgreining hafi verið gerð á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands sumarið 2014. Á svæðinu austan vegarins ofan Námshrauns séu áreyrar sem hafi verið að gróa upp á undanförunum áratugum og einkennist af mismikilli gróðurþekju mosa. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki raska svæðinu við Sólvang þar sem gróður er viðkvæmur en einnig verði gróðurbollum við hraunjaðar hlíft. Mestur hluti nýju uppbyggingarinnar verði innan svæðis sem flokkist sem melar en rask á gróðurlendi verði um 0.5 ha. Þar sem núverandi athafnasvæði við Landmannalaugar sé gróðurfarslega mjög verðmætt, einkum vegna votlendis sé jákvætt m.t.t. áhrifa á gróður að uppbygging fari fram á svæðinu við Námshraun sem sé lítt gróið eða einkennist af gróðri með miðlungs eða að stærstum hluta lágt verndargildi. Við framkvæmdir verði gróðurþekju haldið til haga og staðargróður nýttur eftir föngum við frágang til að gróðurrask verði sem minnst áberandi. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif á gróður.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að athugun á fuglalífi hafi farið fram um sumarið 2022. Samkvæmt niðurstöðum athugunarinnar sé fuglalíf fremur fábreytt í Landmannalaugum og lítið um sjaldgæfar tegundir. Áhrif á fugla yrðu helst tímabundin og nokkuð neikvæð á framkvæmdatíma vegna aukinnar umferðar um svæðið, umfram þá umferð sem tengist núverandi starfsemi.

3.3.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur, skv. athugunum, að fyrirhugað framkvæmdasvæði við Námshraun er ekki sérstætt m.t.t. gróðurs og ekki er um að ræða rask á vistgerðum með hátt verndargildi, en á svæðinu við Laugahraun er fyrirhuguð uppbygging göngupalla um votlendi að heitri laug. Um verður að ræða staðbundið rask á afmörkuðu svæði við uppbygginguna og leggur Skipulagsstofnun áherslu á vandaðan frágang sem tekur mið af staðargróðri. Þá er nauðsynlegt að koma í veg fyrir eins og kostur er allt rask á votlendinu við Laugahraun. Stofnunin telur í ljósi framangreinds að neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir verði óveruleg. Ljóst er að ekki er að búast við verulega neikvæðum áhrifum á fugla nema fyrst og fremst ónæði á framkvæmdatíma.

3.4 Vatnafar - Vatnsnotkun

3.4.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir feli í sér að breyta, styrkja og gera nýja varnargarða og rofvarnar við Jökulgilskvísl og Námskvísl en í dag séu varnargarðar víða meðfram ánum. Núverandi varnargarðar í Landmannalaugum hafi að mestu verið byggðir úr efni úr Jökulgilskvíslinni og gamalli námu í Landmannalaugum sem búið sé að loka. Fyrirhugað sé að fyllingarefni í varnargarða og aðrar framkvæmdir verði áfram tekið úr aurum Jökulgilskvíslar úr námu sem sé skilgreind Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Tímabundið jarðrask verði vegna efnistökkunar í farvegi Jökulkvíslar en áhrifin séu talin óveruleg þar sem ummerki um efnistökkuna hverfi fljótt vegna mikils og stöðugs framburðar árinna og verði því ekki varanleg breyting á farveginum.

Fram kemur að færa eigi Námskvísl aðeins frá hlíðinni þar sem fyrirhugað sé að koma fyrir byggingum. Færslan sé mest um 20 metrar og verði farveginum breytt á um 150 m kafla. Laga þurfi



fláa núverandi varnargarða við Jökulgilskvíslina og aðlaga þá betur að umhverfinu og draga úr halla þannig að hann verði allt að 1:4. Hins vegar hafi verið gert ráð fyrir í matsáætlun að metin myndu verða hvaða áhrif tilfærsla Jökulgilskvíslar á um 150 m kafla myndi hafa á vatnafar og rofkraft en sú rannsókn átti að fara fram sumarið 2021 en svo varð ekki þar sem ekki liggur enn fyrir hönnun á rofvörnunum. Ljóst sé þó að Jökulgilskvísl breyti árfarvegi sínum árlega og hvernig hún flæðir um aurana sé breytilegt eftir árum. Gert sé ráð fyrir settjörn við fyrirhugað bílastæði við Námskvísl til þess að safna og hreinsa yfirborðsvatn áður en það renni í Jökulgilskvísl.

Fram kemur að talið sé að fyrirliggjandi vatnsból og vatnsveita muni geta annað fyrirhugaðri uppbyggingu og sé því ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við vatnsveituna en fráveitukerfi verði útfært í samræmi við kröfur laga og reglugerða og í samræði við leyfisveitendur.

3.4.2 Umsagnir um umhverfismatskýrslu

Veðurstofan bendir á að huga þurfi að rofmætti Jökulgilskvíslar við Námshraun og varnargarða þegar unnið verði að hönnun þeirra sem og flóðahættu. Einnig þurfi að gæta þess að hugað sé að uppbyggingu aurkeilu Jökulgilskvíslarinnar við hönnun varnargarða. Viðbúið sé að áin flæmist um allt það svæði sem hún hafi til umráða á aurkeilunni og byggi undir sig vegna mikils og stöðugs framburðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við endanlega útfærslu og hönnun varnargarða Jökulgilskvíslar við Námshraun verði tekið mið af rofmætti árinna og hæð og útfærsla garðanna unnin í samræði við Veðurstofuna. Tekið er undir með Veðurstofunni að kanna þurfi nánar þegar kemur að hönnun varnargarða hvort nýta megi rennslisgögn Landsvirkjunar úr Jökulgilskvísl til að meta stærð og endurkomutíma flóða.

3.4.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að taka á efni úr áreyrum Jökulgilskvíslar m.a. í varnargarða meðfram ánni auk þess sem færa á Námskvísl og breyta farvegi þeirrar ár á kafla. Við núverandi aðstæður eru varnargarðar meðfram báðum ánum en nú er ráðgert að styrkja þá og byggja nýja þannig að nokkuð inngríp mun verða í vatnafar svæðisins og þrengt verður að ánum. Skipulagsstofnun telur að efnistaka úr áreyrum muni ekki hafa í för með sér varanlega breytingu á farveginum en óvissa er engu að síður um hvaða áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir munu hafa á vatnafar og rofkraft, einkum Jökulgilskvíslar og þarf að gera ráð fyrir að ráðist verði í ofangreindar rannsóknir á þessum þáttum sem gert var ráð fyrir árið 2021.

Ljóst er að um er að ræða verulega aukna hreinlætisaðstöðu við fyrirhugaða uppbyggingu auk manngerðar laugar þó að ekki sé gert ráð fyrir fjölgun ferðamanna. Ganga verður útfrá því að núverandi vatnsveita geti annað þessari auknu uppbyggingu. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að fráveitukerfi og hreinsun fráveitu verði í samræmi við þær kröfur sem kveðið er á um í reglugerð um fráveitur og skólp en telur að ástæða kunni að vera til að setja ákvæði í starfsleyfi um vöktun með fráveitu og virkni hreinsivirkis.



3.5 Jarðmyndanir

3.5.1 Mat framkvæmdaraðila

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að hluti uppbyggingar við Námshraun sé á eyrum Jökulgilskvísar eða tæpir 4 ha auk þess sem efnistaka muni fara þar fram. Ekki sé gert ráð fyrir raski á jarðminjum sem njóti sérstakrar verndar en þó sé gert ráð fyrir að einn göngustígur liggi í gegnum Námshraun en stígurinn verði lagður eftir núverandi slóða og verði breidd hans haldið í lágmarki auk þess sem hann verður byggður upp fljótandi og því hægt að fjarlægja hann. Ekki verði leyfð hjólandi umferð í gengum hraunið. Þá eigi að lagfæra núverandi gönguleið í gegnum Laugahraun og verði forðast að raska hrauninu og notaður ofaníburður sem falli að lit hraunsins. Að mati framkvæmdaraðila muni fyrirhugaðar framkvæmdir hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir á svæðinu en tímabundið jarðrask verði vegna efnistöku sem sé fyrirhuguð í farvegi Jökulgilskvísar en ummerki um efnistöku muni hverfa fljótt vegna mikils framburðar árinna og breytinga í rennsli.

3.5.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að gert sé ráð fyrir að moka upp efni úr líparít áreyrunum þrátt fyrir að bent hafi verið á hátt verndargildi þeirra. Efnistaka innan friðlandsins sé óásættanleg þar sem gengið sé á friðlýstar náttúruminjar sem sé ekki í samræmi við náttúruverndarlög.

3.5.3 Niðurstaða

Fyrir liggur að við fyrirhugaðar framkvæmdir mun verða lítið sem ekkert rask á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar, þ.e. á Laugahrauni og Námshrauni. Ljóst er að rask mun verða við efnistöku og vegna uppbyggingarinnar við Námshraun á líparítáreyrum en þess konar jarðmyndanir njóta ekki verndar skv. lögum um náttúruvernd. Engu að síður er það mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að þær hafi hátt verndargildi m.a. þar sem áreyrarnar eru innan friðlýsts svæðis. Skipulagsstofnun telur að gera verði ráð fyrir að ummerki efnistöku á áreyrunum í því magni sem áform eru um, þ.e. allt að 10.000 m³, séu ekki líkleg til að verða varanleg í ljósi þess umhverfis sem um er að ræða; á áreyrum jökulár sem einkennist af miklum framburði og breytilegu rennsli. Jafnframt telur stofnunin ástæðu til að horfa til þess að það kann að falla betur að umhverfi að nota fyllingarefni af áreyrunum í stað efnis annar staðar frá með aðra litaráferð.

4 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð uppbygging þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum er í samræmi við Aðalskipulag Rangárbíngs ytra 2016-2028 og deiliskipulag Landmannalauga.

Framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Rangárbíngs ytra samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. mannvirkjalögum. Ennfremur starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna ýmissa rekstarþátta starfseminnar og vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur. Gisti- og veitingastaðir eru jafnframt háðir rekstrarleyfi Sýslumanns. Ennfremur þarf leyfi forsætisráðuneytis vegna framkvæmda innan þjóðlendu og leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði. Þá eru allar framkvæmdir innan Friðlands að Fjallabaki háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Rangárbíngs ytra um uppbyggingu þjónustumiðstöðvar í Landmannalaugum



sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila eru kynnt áform um uppbyggingu nýrrar þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn við Námshraun í Landmannalaugum í stað núverandi aðstöðu við Laugahraun sem verður í lágmarki. Þó verður enn um sinn gistaðstaða í skála Ferðafélags Íslands auk þess sem aðstaða við laug verður bætt. Jafnframt verður aðstaða ferðamanna við Námsskvísl bætt og endurbættir núverandi varnargarðar og byggðir nýir við ána sem og við Jökulsgilskvísl.

Meðal annars í ljósi þess háa verndargildis sem Landmannalaugar hafa innan Friðlands að Fjallabaki hefði verið ástæða til ítarlegri umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu um þá valkosti annars vegar að byggja upp núverandi aðstöðu við Laugahraun (Valkostur A) og hins vegar að færa meginhluta þjónustu við ferðamenn frá Landmannalaugasvæðinu (Valkostur C) og bera saman við valkost framkvæmdaraðila þar sem uppbygging verður á nýju svæði við Námshraun. Í umhverfismatsskýrslu er um að ræða mjög almenna umfjöllun og samanburð á áhrifum ofangreindra valkosta á umhverfisþætti m.a. þar sem valkostir A og C eru mjög lítt mótaðir. Í ljósi þess telur Skipulagsstofnun að ekki séu forsendur til að leggja mat á áhrif þessara valkosta á þá umhverfisþætti sem eru til umfjöllunar hér að aftan í álitinu.

Útivist og ferðamennska

Eins og áður sagði er hér um framkvæmdir að ræða innan svæðis með mjög hátt verndargildi sem er einn vinsælasti ferðamannastaður á Miðhálandinu. Af fyrirliggjandi rannsóknnum má ráða að álag sé þegar orðið mikið á svæðið og að ánægja ferðamanna í Landmannalaugum sé að dvína vegna ófullnægjandi aðstöðu og fjölda ferðamanna á svæðinu. Ljóst er að bæta þarf aðstöðu fyrir ferðamenn og jafnframt að stýra fjölda ferðamanna þannig að ágangur verði ekki of mikill. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 kemur fram að uppbygging ferðamannaáðstöðu skuli stuðla að góðri aðstöðu ferðafólks á miðhálandinu, en jafnframt verði gætt að því að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist sem minnst vegna mannvirkja og umferðar. Ljóst er að aðstaða ferðamanna kemur til með að batna en óvissa er hvort að fyrirhuguð uppbygging komi til með að hafa neikvæð áhrif á óbyggðaupplifun og náttúrugæði, m.a. þar sem ekki voru könnuð viðhorf og fengin afstaða ferðamanna til umfangs uppbyggingarinnar við Námshraun eins og henni er lýst í umhverfismatsskýrslu. Skv. eldri rannsóknnum lá þó fyrir sú almenna afstaða að ferðamenn vildu ekki sjá mikla uppbyggingu á Landmannalaugasvæðinu til viðbótar. Að mati Skipulagsstofnunar er það ákveðinn galli á umhverfismatinu að ekki liggur fyrir viðhorfskönnun á afstöðu ferðamanna til fyrirhugaðrar uppbyggingarvið Námshraun.

Fyrir liggur að markmið með fyrirhugaðri uppbyggingu er að bæta aðstöðu ferðamanna en ekki er verið að stefna að fjölgun þeirra miðað við núverandi aðstæður. Skipulagsstofnun getur tekið undir það með framkvæmdaraðila sem og Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands að mikilvægt sé að bæta aðstöðu fyrir ferðamenn í Landmannalaugum og almennt má gera ráð fyrir að fyrirhuguð uppbygging bættrar aðstöðu komi til með að hafa jákvæð áhrif á ferðamenn. Stofnunin telur hins vegar óljóst hvornig komið verði í veg fyrir fjölgun ferðamanna, þar sem ljóst er að bætt aðstaða kallar gjarnan á aukinn ferðamannafjölda sem og breytta samsetningu þeirra. Skipulagsstofnun hefur efasemdir um að takmarkanir á fjölda bílastæða dugi einar sér til að stýra aðsókn að Landmannalaugasvæðinu. Því er hætta á að fyrirhuguð uppbygging geti aukið við fjölda ferðamanna sem sækja Landmannalaugasvæðið heim, bæði daggesta sem eru í miklum meirihluta skv. framlögðum gögnum og þá sem koma til með að gista. Þannig getur uppbyggingin haft þau áhrif að álag verður meira á Landmannalaugasvæðið í heild sinni vegna lengri viðveru gesta og aukins ágangs þó að svæðið við Laugahraun kunni að njóta góðs af fyrirhugaðri uppbyggingu við Námshraun og Námsskvísl.



Með tilliti til allra ofangreindra atriða telur Skipulagsstofnun ákveðna óvissu vera um áhrif uppbyggingarinnar á útivist og ferðamennsku en hún kann að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á Landmannalaugasvæðinu. Uppbyggingin kann að valda því að þolmörk ferðamennsku einkum með tilliti til náttúruferðamennsku verði yfirstigin. Stofnunin telur að ástæða sé til að fara hægt í fyrirhugaða uppbyggingu einkum á Námshraunssvæðinu og telur tilefni til að framkvæmdaraðili láti fara fram viðhorfskönnun meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til uppbyggingarinnar og að umfang og uppbyggingarhraði taki mið af niðurstöðum slíkrar könnunar.

Landslag og ásýnd

Ljóst er að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og landslag eru nátengd áhrifum framkvæmdanna á ferðamennsku og útivist. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á verndarsvæði varða bæði þá mannvirkjagerð sem er fyrirhuguð og einnig þau áhrif sem aukin ásókn ferðamanna inn á Landmannalaugasvæðið, tengt auknu þjónustuframboði, getur haft á náttúru svæðisins. Þannig er annars vegar um að ræða áhrif mannvirkja á landslag og náttúrufar og hins vegar áhrif umferðar fólks á viðkvæma náttúru og óbyggðaupplifun. Um er að ræða uppbyggingu á að mestu óröskuðu svæði og telur Skipulagsstofnun að við svo umfangsmikla uppbyggingu á slíku svæði innan friðlands sem einkennist að sérstæðu landslagi, séu óhjákvæmilega líkur á að hún geti haft talsvert neikvæð áhrif á ásýnd og landslag og þar með á óbyggða- og víðernisupplifun ferðamanna, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að umsvif og þjónusta við ferðamenn verði í lágmarki við núverandi þjónustusvæði við Laugahraun. Hins vegar er ekki ljóst hvort og þá á hvaða hátt fyrirhuguð uppbygging kann að breyta þessari upplifun.

Varðandi nánari umfjöllun um framkvæmdatilhögun, umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir vísast til 3. kafla hér að framan og umfjöllunar í umhverfismatskýrslu Rangárbings ytra.

Leyfisveitingar og skilyrði

Skipulagsstofnun telur að áður en kemur til leyfisveitinga sé ástæða til að fram fari viðhorfskönnun meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila til uppbyggingarinnar við Námshraun.

Reykjavík, 13. júlí 2023

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson